

Fundur í skólaráði 19. september 2018

Fundur er settur og skólastjóri býður fólk velkomið til starfa.

- Fyrsta mál á dagskrá er að gefa endurgjöf á drög að menntastefnu sem að skólaráðsfólk hafði fengið sent til yfirlestrar.
- Skólastjóri leggur fram starfsáætlun skólaráðs og ræðir hvað er fram undan. Hvort og hvenær best sé að kynna umbótaáætlun sem unnin var í kjölfar ytra mats fyrir foreldrum. Spurning hvort að aðalfundur foreldrafélagsins sé heppilegur vettvangur. Guðrún mun skoða það.
- Skólastjóri kynnir skólaþingin sem fram undan eru, þar sem unnið verður dýpra með einkunnarorð skólans. Unnið verður með vellíðan.
- Einar Logi spyr um þau verkefni sem lágu fyrir í skólaráði á síðasta ári. Ekkert hefur gerst í lýsingarmálum á skólalóðinni. Skólastjóri hefur sent tvo pósta og ítrekað þörfina og mun gera það aftur. Þá á líka eftir að fá myndavélar á skólalóðina. Hvernig standa málin varðandi merkingar á skólalóð og afmörkun? Einar Logi leggur til að gefin verði upp ákveðin tímamörk og sent á borgarstjóra og skóla- og frístundaráð. Foreldrar í skólaráði bjóða aðstoð foreldrafélagsins sem þrýstiafl í að fá framkvæmd á aðkallandi mál í Austurbæjarskóla. Snyrtingar og lýsing í forgang og svör fyrir 1. október. Skólastjóri mun senda harðort bréf, annars munu foreldrar taka máli lengra.
- Skólastjóri segir frá að nýjum gólfdukk á 2. hæðinni. Hluti af gluggunum voru teknir að utan í sumar en mikil þörf er á að laga þá að innan. Fram undan er málun á efri hluta gangsins á 2. hæð fyrir jól.

Fundi slitið kl. 9:13